



Naglasúpan

Staða grunnþátta menntunar og námsviða í leikskóla

Guðlaug Ásgerður Eiríksdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Naglasúpan

Staða grunnþátta menntunar og námsviða í leikskóla

Guðlaug Ásgerður Eiríksdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í leikskólakennarafræði

Leiðsögukennari: Gunnlaugur Sigurðsson

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júni 2012

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed lokaprófs í leikskólakennarafræði. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

© Guðlaug Ásgerður Eiríksdóttir 2012

Prentun: Prentsmiðja VOX
Ísland, 2012

Ágrip

Í ritgerð þessari er skýrt frá því hvernig leikskólakennurum gengur að koma grunnþáttum menntunar og námssviðum að í starfi leikskóla. Grunnþættir menntunar eru sameiginlegir í öllum skólastigum og eiga að endurspeglast í samþættu skólastarfi og í þeim námssviðum sem tilnefnd eru í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Til að skoða stöðu grunnþátta og námssviða var spurningalisti lagður fyrir sjö leikskólakenna í janúar 2012 og í framhaldi af greiningarvinnu var eitt hópviðtal þar sem rætt var nánar um hvernig þeim gengur að koma kennslu að í leikskólastarfinu. Hugmynd mín er að í leikskólum er unnið víðtækt og merkilegt starf, þegar kemur að því að kenna ungum börnum námsefni um leið og þau eru sjálf að ná ákveðnum þroska, þar sem oft á tíðum þarf að efla ákveðna færni til að barnið geti tileinkað sér námsefnið.

Til að fá fram sjónarmið leikskólakennaranna þá var þeim gefið tækifæri að svara skriflega spurningum um hvernig grunnþættirnir birtast í starfinu og hvernig þeim gangi að koma kennslu að í starfinu. Síðar var sameiginlegur fundur um þau þemu sem þóttu koma skýrt fram í skriflegum svörum þeirra. Í svörum viðmælenda kemur í ljós að þeir eru meðvitaðir um hlutverk sitt sem leikskólakennarar og þess námsefnis sem vinna á með, þeir þurfa að hafa sig alla við, allan daginn að halda kennslunni gangandi. Lítið megi út af bregða til að það hafi áhrif á starfið. Virkni og frumkvæði kennarans er skilyrði fyrir árangri. Þá er það greinilegt að leikskólakennarar þurfa að vera stöðugt að skoða og meta aðstæður með tilliti til kennslunnar og árangurs. Að tryggja vellíðan og sjálfsöryggi barnsins er grundvallarþáttur til að nám geti farið fram.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Efnisyfirlit.....	5
Formáli.....	6
1 Inngangur.....	7
2 Áhrifapættir á leikskólastarf.....	8
3 Hlutverk leikskóla.....	11
4 Undirbúningur og öflun upplýsinga.....	13
5 Grunnþættir menntunar.....	16
5.1 Læsi.....	16
5.2 Sjálfbærni.....	17
5.3 Heilbrigði og velferð.....	19
5.4 Lýðræði og mannréttindi.....	20
5.5 Jafnrétti.....	21
5.6 Sköpun.....	22
6 Að koma kennslu að í leikskólastarfi.....	24
7 Sameiginlegar áherslur í svörum leikskólakennaranna.....	26
8 Samantekt.....	29
9 Lokaorð.....	31
10 Heimildarskrá.....	32
Fylgiskjal 1.....	35
Fylgiskj.....	al 236

Formáli

Starfsreynsla mín síðastliðin 25 ár er úr leikskólaumhverfi og því er mér hugleikið að draga fram það sem fellur undir kenngslu í því merkilega og flókna starfi sem unnið er að í leikskólum. Með aðstoð og viðtölum við leikskólakennara er þessi ritgerð skrifuð sem tilraun til að varpa ljósi á stöðu grunnþátta menntunar og námssviða sem Aðalnámsskrá leikskóla 2011 kveður á um að vinna eigi að í leikskólum.

Þakka ber sérstaklega þeim leikskólakennurunum sem treystu mér fyrir upplifun sinni og tilfinningu af því að koma kenngslu að í leikskólastarfi. Jákvæðni og öll þeirra aðkoma gaf mér nýja sýn á leikskólastarfið og eflði trú mína á fagmenngsku leikskólakennara. Ómetanlegar voru þær stöllum Jóhanna Ósk Ólafsdóttir og Sigríður Lára Ásbergsdóttir sem eyddu tíma sínum í að aðstoða mig efnislega sem og fræðilega með stanslausum yfirlestri og jákvæðri gagnrýni.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri og án aðstoðar utan þeirrar sem tilgreind er og þökkuð í þessum formála. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, _____. _____ 20__

1 Inngangur

Það má líkja leikskólastarfi við súpugerð þar sem unnið er að því að koma öllu sem þurfa þykir í starfið og meta stöðugt til að gera starfið árangursríkt og heillandi. Starfið er fjölþætt, tekur mið af ýmsum ytri og innri þáttum sem vindur upp á sig með alls kyns meira og minna ófyrirséðum uppákomum. Leikskólastarfið er bundið af því að börnin eru að þroskast ört og læra um leið og námsefnið er lagt fyrir þau.

Frændi minn, miðaldra karl segir oft: „*Hún mamma mín fékk nú ekki laun við að snýta mér og ekki var verið að kalla uppeldi, kennslu í þá daga*“. Hann á þá við að það sé óþarfi að vera að borga laun fyrir það sem komi að sjálfu sér og fráleitt eigi að kalla það kennslu. Nútímasamfélag er á annarri skoðun og starfrækir leikskóla þar sem ung börn njóta kennslu námsgreinum og starfi sem litast af grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Leikskólinn er skilgreindur sem fyrsta skólastigið og að leikskólinn skuli hafa sömu grunnstef og önnur skólastig. Leikskólakennarar eiga að taka mið af grunnþáttunum; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, þegar starfsemin er skipulögð. En kennsla í leikskólum er ekki augljós, hvorki frænda mínum né jafnvel þeim sem vinna í leikskólunum sjálfum.

Kennararnir sjálfir nota gjarnan orð eins og „ýta undir þroska“, „leggja fyrir“ og „bæta við“, í stað þess að segjast „kenna“ en á móti segjast þeir kenna í öllu starfinu allan daginn. Þeir kenna skilgreind námssvið og eiga jafnframt að meta eigið starf og kennslu. Það er í þeirra höndum að ákveða hvað skal metið miðað við markmið og með hvaða hætti. Ólíkt kennurum á öðrum skólastigum eru leikskólakennarar að glíma samtímis við kennslu, og taka tillit til þess mikla þroskaferlis sem barn á leikskólaaldri gengur í gegnum og að auki öll þau samskipti sem barninu fylgja. Barnið er samtímis nemandi í námi um leið og það tekur út þann þroska sem þarf til að geta lært og menntast. Kennslan er samofin því uppeldi sem annars færi fram undir öðrum kringumstæðum. Eins og í góðri súpú er erfitt að leggja fram eina uppskrift eða aðferð, hún er margþætt. Allt er samofið náminu, í upplifuninni, leiknum, daglegum athöfnum, eðlilegum þroska og umhverfisáhrifum, svo kyrfilega, að það þarf að „hræra upp í“ umræðunni til að greina það sem telst til náms og kennslu.

2 Áhrifaþættir á leikskólastarf

Starf í leikskólum miðast við Aðalnámskrá leikskóla, bundið í lög og reglugerðir og tekur mið af kjarasamningum, skólastefnum, verklagsreglum, námskrám leikskólanna og að auki þeirri áherslu sem starfsfólk, börn, foreldrar og samfélagið leggja til. Samfélagið gerir þá kröfu að leikskólinn sé lifandi stofnun sem taki mið af allskyns atburðum, tyllidögum og upplýsingum og útfæri til eigin nota. Í leikskólum eru að jafnaði börn á aldrinum 9 mánaða til skólaskyldualdurs. Meirihluti foreldra barna á þessum aldri kjósa að börn þeirra fari í leikskóla. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands eru langflest 2ja til 6 ára börn í átta til níu tíma á dag í leikskóla, fimm daga vikunnar, allt árið (www.hagstofa.is).

Aðalnámskrá leikskóla er gefin út af Mennta og menningarmálaráðuneyti og er viðmið þegar starfsfólk vinnur að sameiningu að skólanámskrá og áætlun fyrir sinn leikskóla. Í námskránni eru skilgreindir grunnþættir menntunar og námssvið sem vinna skal með og hvernig þau skuli fléttast inn í leik og nám barnanna. Leikskólakennarar eiga meðal annars að leggja áherslu á námsviðin; læsi og samskipti, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu. Árið 2011 kom út í fyrsta sinn, sameiginleg grunnviðmið í námskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem eiga að einkenna starfið og eiga leikskólakennarar að finna efni og aðstæður sem passa við nemendur á leikskólaaldri. Ekkert er tiltekið um námsefni í námskránni og kennarar bera þá ábyrgð á að skipuleggja út frá markmiðum og námsviðum hvaða námsefni og kennsluáðferðir eru notaðar. Þetta gerir miklar kröfur til leikskólakennara en um leið frelsi sem gefur möguleika á að aðlaga námsefnið og kennsluáðferðir að mismunandi þroskastigum og fjölbreyttum nemendahópi (Aðalnámskrá leikskóla 2012).

Starf leikskólakennara er skilgreint í kjarasamningi á þann hátt að þeir eigi að sjá um menntun og uppeldi barnanna, gæta þess að einstaklingurinn njóti sín og huga að andlegri og líkamlegri velferð barnanna (www.ki.is). Markmið starfsins, leiðir og mat er lagt í hendur kennaranna sjálfra sem gefur möguleika til fjölbreyttra starfsaðferða og þróunar. Leikskólakennarar hafa þá skyldu að fylgjast með, taka þátt í símenntun og þróast til að nýta þekkingu sína í starfi um leið og þeir fást við vítt svið gjarnan í flóknum aðstæðum sem eru bæði utanaðkomandi og meðfylgjandi. Í Aðalnámskrá leikskóla 2011, (bls. 11) segir um fagmennsku kennara að hlutverk leikskólakennarans sé að styðja við

nám barna, meðal annars með samskiptum, fjölbreyttum tækifærum, aðgengi að efniviði, tryggja tíma og næði. Þeir eigi að skapa aðstæður til leikja og útveru og tryggja jafnræði auk þess sem þeir eiga að vera opnir fyrir tækifærum þegar hægt er að kveikja áhuga barnanna og styðja þannig við nám þeirra (Aðalnámskrá leikskóla 2012). Leikskólakennarinn þarf að vera opin og virkur í starfi sínu auk þess að sýna fagvitund í öllum sínum háttum og þetta er einnig stutt með lögum um leikskóla.

Bæði Aðalnámskrá leikskóla og lög um leikskóla kveða á um mat á starfi og starfsemi leikskóla og er kennurum og rekstaraðila gert að tryggja að eftirlit fari fram. Í 7. gr. laga um leikskóla segir meðal annars að starfsfólk leikskóla skuli rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Í sömu lögum er kveðið á um að leikskólakennarar eigi að vera virkir í að meta starf sitt og árangur með það að markmiði að tryggja umbætur (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Kveðið er á um umbótaáætlun í Aðalnámskrá leikskóla frá 2012 og markmið með mati er meðal annars vegna flutnings milli skólastiga sem er ætlað að tryggja barninu farsæla skólagöngu. Mat á leikskólabarni skal miðast við að fá dýpri þekkingu á barninu, námi, getu og líðan, þess, að auki er matið til að tryggja að farið sé að ákvæðum laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Leikskólakennarar eiga að meta og skrá upplýsingar um barnið og þróa eigin matsaðferð sem skilgreina á í skólanámskrá leikskólans.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið segir í 1 gr. laga um leikskóla. Þar sem börn, að sex ára aldri, fá menntun og uppeldi að ósk foreldra undir handleiðslu leikskólakennara (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Lagaumhverfið er skýrt og tekið er mið af vilja foreldra sem aftur er stutt í aðalnámskránni með vísun í ábyrgð þeirra á aðkomu að skipulagi leikskóla.

Leiðarljós skólastefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallar um að tryggja eigi velferð og alhliða þroska barna með virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Í stefnunni er lögð áhersla á að skólastarf eigi að vera fjölbreytt og veita góða þjónustu með samstarfi við nærsamfélagið. Sveitarfélög hafa gjarnan kynnt leikskóla sína sem búsetukosti og þá vísa þá til sérkenna sem skólarnir sjálfir hafa mótað og þróað í innra starfi sínu. Þá eru skólastefnur óðum að líta dagsins ljós með vísun í þær áherslur sem sveitarfélög vilja leggja til grundvallar í sínum skólasamfélögum. (www.samband.is). Verklagsreglur eru samdar í hverju sveitarfélagi og segja til um viðmið sem sveitarfélög setja sér um aldur og inntöku barna í leikskóla, gjöld og afslætti og önnur hagnýt málefni. Þessar reglur eru skilgreining sveitarfélagsins á þeirri þjónustu sem þau veita og hafa eðlilega áhrif á starfsemi leikskóla þar sem þær miða við lög og reglugerðir og að auki getur samsetning

Íbúa sveitarfélagsins haft áhrif, til dæmis fjöldi þeirra barna sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

Þrátt fyrir lög, reglugerðir, námskrár og önnur viðmiðunarákvæði er erfitt að tala um hvernig eiginleg kennslu og nám barnanna fer fram út frá þeim upplýsingum einum saman. Fjöldi þeirra barna sem er í leikskólum gefur til kynna að almennt sé sátt um starf þeirra að leikskóli henti fjölskyldum. Í fjölmörgum leikskólum er heimasíða notuð til að kynna starfsemi sem draga fram sérstakar áherslur og viðmið í starfinu. Námskrá er uppskrift að kerfi sem stjórnvöld setja kennurum að vinna eftir og eiga þeir að gera námið að lifandi og áhugaverðum kosti fyrir nemendur. Kennsluáðferðir eru margskonar og leikskólakennarar hafa frjálssar hendur í að þróa aðferðir og leiðir sem þeirra þekking og reynsla segir til um að geti gagnast börnum á leikskólaaldri.

3 Hlutverk leikskóla

Þegar leikskólabarnið hefur leikskólagöngu er það að stíga sín fyrstu skref í félagslegu umhverfi, sem krefst árangurs og framfara. Markmiðið er að barnið mótist sem manneskja sem ætlað er að verða skapandi samfélagsþegn sem geti nýtt alla sína möguleika og hæfni til að njóta þeirra lífsgæða sem í boði eru. Leikskólabarnið er margbreytilegt og ber með sér einkenni og getu til að þroskast og dafna, í leikskólaumhverfi á að veita barninu tækifæri til að efla og tileinka sér margvíslega hæfni í fjölbreyttum aðstæðum.

Ánægja og vellíðan auk félagslegrar hæfni er einkennandi í markmiðum leikskóla í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur, *Starfsaðferðir og sannfæring leikskólakennara*. Ánægja þessi er til þess fallin að barn geti sýnt tillitsemi og öðrum virðingu og um leið lært á rétt annarra og sýnt samlíðan (Jóhanna Einarsdóttir, 2001, bls. 149-157). Námskrá kveður á um þessa þætti í grunnþáttum menntunar auk þess sem leiðarljós menntunar skuli uppfylla sjálfbærni sem felur í sér að verða sjálfstæður einstaklingur og sjálfbjarga með eign þarfir.

Um stöðu leikskólans segir Jón Torfi Jónasson, að leikskólinn sé á leið inn í menntakerfið hægt en bítandi og með því breytist áherslur í starfinu úr gæsluhlutverki í aukna kennslu. Hann segir starfsfólk leikskóla lengi hafa skilgreint faglegt starf og vitund þeirra hafi verið skýr um námssvið barnanna. Hann greinir meðal annars frá því að leikskóli sé, samkvæmt skilgreiningu OECD, meðal annars að bjóða umhverfi sem eflir börn félagslega og eykur velgengni í skólalífsi og velferð (Jón Torfi Jónasson, 2006, bls. 85-89). Skólalífsi leikskólabarna er það nám sem einkennir leikskólastarf, þar er verið að tryggja að börn nái færni til að læra, leggja fram námsefni við hæfi og fylgja aðalnámskránni sem kveður á um samfellu milli skólastiga.

Sigrún Júlíusdóttir heldur því fram í grein sinni *Samfélag og lífsleikni*, að námsárangur og tæknilegur skilningur muni víkja fyrir kröfu um leikni og jákvæða samskiptahæfni. Hæfni sem börnunum verði nauðsynleg í aðstæðum sem eru flóknar með öllum þeim nýjungum sem bætast við daglega. Þá bendir hún á mikilvægi kennara sé að sjá samhengi í kennslu og mótun og horfa á barnið sem hluta af samfélagslegri heild. Skólar og þar með taldir leikskólar séu best til þessa fallnir, með sínum fjölbreyttu kennsluáðferðum, að undirbúa barnið undir komandi ár (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 93).

Í grunnþáttum menntunar er lögð áhersla á að samþætta menntun og gildi sem miðast við að efla leikskólabarnið í jákvæðum samskiptum og virkja samfélagslega vitund þess með framtíðarmarkmið að leiðarljósi.

John Dewey (1859-1952) heimspekingur, sálfræðingur og uppeldisfrömuður sem lagði grunninn af framfarastefnu í skólamállum. Hann trúði því að skólinn væri félagslegt og samfélagslegt fyrirbæri þar sem samfélagið væri einfaldað og námið væri lífsferill þar sem miða á við þá þekkingu og reynslu sem barnið hefur og þannig sé tryggð sú samfella í þroska sem barninu er nauðsynlegur til að takast á við eigið hlutverk í lífinu (Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2010a, bls. 169-171). Leikskólakennarar vernda börn með öruggu umhverfi, reglur og venjur dagsins eru til þess fallnar að tryggja barninu aðstæður sem það ræður við um leið og verkefnin aukast og magnast. Nemendur eiga að fá meira en miðlun einfaldrar þekkingar, eigi nám að eiga sér stað. Kennarinn þarf að miðla kennslunni lifandi og með þeim hætti að nemendur njóti námsins og finni tengsl milli námsins og eign reynslu.

Námskráin sem námið miðast við er „matseðill“ sem kennarar þurfa að matreiða með sinni eigin þekkingu og hæfni til að námskráin verði annað og meira en skipulagt kerfi. Skólafólk þarf að beina sjónum sínum að því að vera skapandi og í samræmi við samfélagið þannig að skólinn samræmi þarfir nemenda við þarfir samfélagsins (Hamilton, 2002, bls. 67-80). Leikskóli er allt í senn, uppeldisstofnun, hluti af samfélaginu og mótandi menntakerfi. Í starfi leikskóla undir handleiðslu leikskólakennara er möguleiki að efla einstaklinga til þess að verða dugandi og frjóir samfélagsþegnar með tilliti til þeirra markmiða sem lögð eru fyrir í aðalnámskrá leikskóla.

4 Undirbúningur og öflun upplýsinga

Hugmyndin sem ég hafði í upphafi, var að greina hvað meta á sérstaklega hjá leikskólabörnum og með hvaða hætti það mat miðast við nám. Erfitt var að orða væntingar til ritgerðarefnisins en með aðstoð leiðsagnarkennara var efnið margsinnis rætt og skoðað þar til komin var mynd á viðfangsefnið, sem var að skoða stöðu náms og kennslu í leikskóla og fá leikskólakennara til samstarfs um að segja frá reynslu sinni af því að koma kennslu að í starfinu. Vanda þurfti viðtalið vegna eigin reynslu af starfi í leikskóla og oftast ekki að fá leiðsagnarkennara til aðstoðar við að ýta burt staðalhugmyndum og fyrri reynslu til að efnið og viðmælendur nyttu réttmætis.

Leyfi til að fá leikskólakennara til þátttöku í þessa vinnu var fúslega veitt og sýndu stjórnendur leikskólans efninu það mikinn áhuga að ég óskaði eftir að þeir tækju einnig þátt. Eftir viðtal vegna athugunarinnar samþykktu allir viðmælendur, sjö kvenkyns leikskóla-kennarar að taka þátt og voru mjög áhugasamir að hefja leikinn. Leikskólakennararnir eru allir með áralanga stafsreynslu í leikskóla en á ólíkum aldri eða frá 30 ára til 65 ára. Þá vinna leikskólakennararnir við ólíkar aðstæður og með börn á ólíkum aldri. Starfsreynsla þeirra allra er lengri í leikskóla en sem nemur leikskólakennaraprófi og mismunandi er hvar leikskólakennararnir útskrifuðust þ.e. úr Fósturskólanum, Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

Eftir stutt spjall og kynningu var þeim sent bréf með verkáætlun, kynningu á efnistöfum og tveimur spurningum um stöðu námsgreina (*sjá. fylgiskjal 1*). Þessum spurningum var svarað skriflega og bærust öll svörin til baka á réttum tíma. Einn viðmælandinn greindi frá því að þátttakan í verkefninu hefði það mikinn forgang að ástæða hefði verið til að hætta við að taka þátt í félagslífi til að vinna þetta eins vel og unnt væri. Viðmælendum var heitið trúnaði og nöfnum og aldri þeirra breytt sem og heiti leikskólans

Nafn og aldur	Starf	Starfsaldur	Skóli og útskriftarár
Sara 33 ára	Deildarstjóri	13 ár	Fósturskóli Íslands 2007
Álfrún 48 ára	Sérkennslustjóri	12 ár	Kennaraháskóli Íslands
Hrafnhildur 42 ára	Leikskólastjóri	18 ár	Fósturskóli Íslands 1994
Eva 37 ára	Aðstoðarleikskólastjóri	10 ár	Háskólinn Akureyri 2007
Helga 38 ára	Deildarstjóri	12 ár	Kennaraháskóli Íslands 2002
Jónína 60 ára	Deildarstjóri	28 ár	Kennaraháskóli Íslands 2004
Rúna 32 ára	Deildarstjóri	12 ár	Háskólinn Akureyri 2007

Í bréfi til viðmælanda voru tvær spurningar; „Hvar sjáið þið að um kennslu sé að ræða á námssviðunum (læsi og samskiptum, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og vísindum, sköpun og menningu) með tilliti til grunnþátta menntunar sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 “ og „Hvernig gengur að koma að kennslu í leikskólastarfi ?“. Eftir greiningu á skriflegu svörunum þurfti að skoða og kafa dýpra í seinni spurninguna. Viðmælendur fengu síðan bréf (sjá; fylgiskjal II) með greiningunni og beiðni um að skoða matið og hugleiða aftur seinni spurninguna: „Hvernig gengur að koma kennslu að í leikskólastarfi ?“. Nauðsynlegt þótti að viðmælendur væru sáttir við greininguna og með því var þeim gefin kostur á andmælum ef einhver yrðu.

Hópurinn hittist einn eftirmiðdag í kaffistofu leikskólans Hofheima þar sem viðmælendur starfa. Staðsetningin var valin með tilliti til þess að þar er heimavöllur viðmælanda og auðvelt að tryggja næði. Viðmælendur sögðust geta verið þann tíma sem þyrfti og andrúmsloftið var jákvætt og lifandi. Virkni og undirtektir voru í umræðunum voru mismunandi en allar komu með innlegg í öll málefni. Viðtalið var tekið upp, skráð orðrétt og flokkað eftir því hver talaði en ekki eftir málefni.

Greining á skriflegum svörum hvers og eins viðmælanda og á hópviðtalinu endurspeglar ákveðinn samhljóm og staðfesti að svarað var frá faglegri og persónulegri reynslu þeirra. Styrkurinn í því að taka hópviðtal var sá að viðmælendur hvöttu samræðurnar áfram með því að spyrja spurninga á við „en þið ?“ og rifjuðu gjarnan upp samskonar atvik eða aðstæður. Strax í viðtalinu var tilfinning fyrir því að hér væru reynsluboltar að svara og fagvitund skein í gegn í umræðunni enda gjarnan vísað í aðalnámskrá og lög um leikskóla til rökstuðnings og þegar viðtalið var endurritað var þetta einnig áberandi. Veikleiki við hópviðtal var sá að ekki var hægt að fylgjast nægjanlega vel með látbragði og fá tilfinningu fyrir því hve málefnið var hjartkært viðmælendum, þetta hefði mátt leysa með myndbandsupptökuvél.

Svör leikskólakennaranna eru flokkuð undir þá sex grunnþætti menntunar sem aðalnámskrá leikskóla kveður á um að vinna eigi að í leikskóla og námssviðin eigi að taka mið af. Leikskólakennararnir röðuðu svörum sínum upp með þessum hætti og allir grunnþættirnir fengu jafnt eða svipað vægi. Öll svörin innihéldu markmið með kennslu á námssviðunum, lýsingu á kennslunni og því álagi sem það veldur að kenna. Það hversu svörin eru lík gefur vísbendingu að unnið er með sömu markmið og fagleg vitund

kennaranna er samstillt. Tekin eru nokkur dæmi af svörum viðmælanda til að rödd þeirra fái vægi í ritgerðinni.

5 Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru samfélagsmiðaðir byggðir á lögum, reglugerðum og ýmsum skýrslum sem lúta með einum eða öðrum hætti að skólamálum sem og samfélagslegum stefnum og samþykktum. Þeim ætlað að endurspeglast í og undirstrika allt það nám sem fram fer í skólum. Nemendum er ætlað að kynnast grunnþáttunum og tileinka sér þá hæfni, sem falla undir þá, með það að markmiði að þau verði sjálfbjarga, heilbrigðir og vel menntaðir einstaklingar. Náms svið eiga að byggjast á gagnrýnni og skapandi hugsun sem leikskólakennurum er ætlað að efla leikskólabörnin í með að vefa þá inn í daglega starfið, leik barnanna og þau eigi að taka mið af barninu sjálfu, getu þess og þroska.

5.1 Læsi

Skilgreining aðalnámskrár leikskóla á læsi er sú kunnátta sem þarf til að skilja aðra og skilja ritað mál. Hæfni til að lesa í umhverfi sitt, sem og alla þá miðla sem bjóðast. Auk þess að verða fær í eigin tjáningu, máli og ritun. Geta komið sjálfum sér á framfæri með tjáningu með fjölbreytilegum hætti. Slíkt læsi stuðli að góðri sjálfsmynd og aukinni félagsfærni.

Í Hofheimum er unnið með læsi allan daginn í öllum kringumstæðum og eru ólíkar kennsluaðferðir notaðar til að börnin fái grunn í lestrarkunnáttu. Tenging verður í þeirri mergð aðstæðna sem börn upplifa og reyna, því er kennsla einstakra námsgreina með ólíkum nálgunum og aðferðum til að skapa hugsun og þekkingu sem verður að námi (Dewey, 2000a, bls. 94-97).

Samskipti er mikilvægur undirbúningur fyrir læsi og er uppálagt að öll börn fái samræðu, þeim sé svarað og þau spurð til að efla orðaforða og notkun málsins. Allir hlutir eru merktir með spjöldum sem bera heiti þeirra og nöfn barnanna eru einnig notuð í margskonar merkingum, farið er í orðaleiki við börnin og mikið lagt upp úr persónulegum samtölum, leikskólakennarar syngja með og kenna börnunum söngva. Leikskólabörnin hafa aðgang að bókum, blöðum og ritföngum. Hugtakanotkun er mikilvæg og meðvitað er unnið með þau hugtök sem finnast í stærðfræði og umhverfinu öllu. Þá nota allir viðmælendur táknið með tali til að auðvelda þeim sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og börnum með málraskanir að hafa tjáskipti.

Eva: „Í sérstökum samverustundum og hópastarfi er lesið fyrir börnin og þjálfad[ir] grunnþættir læsis s.s. hljóðkerfisvitund. Í hópastarfi leggjum við áherslu á verkefni sem undirbúa læsi eins og þjálfun í að greina atkvæði í orðum,

samstöfur, hljóðkerfi (t.d.rím) allt eftir aldri barns. Þennan þátt erum við endalaust að kenna í öllu starfi okkar og þessi þáttur fléttast inn í alla hina þættina í námskránni“.

Að vinna „endalaust“ að einhverju er tilraun til að tryggja að námsefnið komist til skila til barnanna og einnig sú staðreynd að börnin eru á ólíku þroskaskeiði sem gerir það að kennarar eru að vinna í verkefnum eins oft og lengi sem þarf til svo öll börnin hafi tækifæri til að skilja og læra efnið.

Helga: „Markvisst er farið í að kenna þeim texta, kennari les línur og þau herma eftir og það er gert [þar] til að mest af textanum er komið hjá börnunum þá er farið að syngja hann með þeim. Þá syngjum við hann og fylgjumst með hverjir þurfa meiri kennslu“.

Rúna: „Oft er maður vonlaus, það er lítið að gerast og ég er kannski að segja: Syngið þið með mér, en enginn tekur undir. Svo fara þau að syngja þegar þau eru í leik eða þegar það á ekki að gera það eins og í hvíldinni. Þá heyrir maður að það er komið og stundum heyrir maður það frá foreldrum að þetta komi heima“.

„Allstaðar í öllu starfi“ er gjarnan svarið við því hvar námsþættir birtast og í samanburði við aðalnámskránni þá eiga námsþættirnir að fléttast inn í leik og starf barnanna í leikskólanum. Árangur af kennslunni er mismunandi og stundum ekki sýnilegur kennaranum fyrr en hann tekur eftir því í öðrum aðstæðum eða foreldrar segja frá að þau hafi tekið eftir framförum heima.

5.2 Sjálfbærni

Í samfélagi hraða og breytinga hefur sjónum verið beint að því hvernig megi auka á sjálfbærni samfélaga og skólar eru þar engin undantekning. Að menntast í sjálfbærni hefur þann tilgang að bæta umgengni, virðingu, skilja samhengi hluta og auka lífsgæði með því að bera ábyrgð á eigin lífi og heilbrigði. Aðalnámskráin leggur áherslu á að nemendum séu kennd vinnubrögð sem hafa áhrif á nútímann jafnt og komandi ár. Hlutverk kennarans er að velja viðfangsefni og auka reynslu barnsins miðað við þá stöðu sem það sjálft er í. Með því að meta stöðugt það sem hefur áunnist getur kennari gert meiri kröfur á nemendur og með því víkkað þekkingarsvið þeirra (Dewey, 2000a, bls. 84-86).

Það kemur fram í svörum leikskólakennaranna að unnið er með grenndarkennslu sem felur í sér samskipti við fólk í umhverfinu, umferðarfræðslu, náttúru og vistvernd. Börnin fá verkefni til að vinna í umhverfinu, þau sá og uppskera. Þá rannsaki þau stórt sem smátt og læri til dæmis að skordýr eigi að vera í náttúrunni og eigi þar hlutverk. Það sé

börnum mikilvægt að þekkja ólíka þjóðfélagshópa og því séu góð og regluleg samskipti hluti af þeirra daglega starfi. Samvinna og samskipti eru við börn og starfsfólk grunnskóla, nemendur og kennara tónlistarskóla, meðlimi félags eldri borgara, starfsfólk bókasafnsins og fleiri sem börn hafa gagn og gaman af að kynnast.

Helga: „Í sjálfbærni felist fleira en umhverfisvernd, að, spurningar eins og „af hverju?“, „hvers vegna?“, „ef að?“, eru mikið notaðar þegar kemur að vali barnanna til að skoða hugsanir sínar og gerðir. Börn þurfi að læra að annast sig sjálf taka mið af þörfum sínum og læra á annarra, þau þurfi að geta verið góð í eigin skinni“.

Álfrún: “Við erum heppin, að mér finnst, að búa á litlum stað þar sem allt er í göngufæri. [...] Vettvangsferðir eru stundum notaðar til að snyrta skólalóðina okkar og nánasta umhverfi og gera börnin þannig meðvituð um að við þurfum að ganga vel um náttúruna og huga að vistkerfinu þó svo ekki þurfi að nota orðskrúð kringum það en láta verkin tala“.

Hugtakið ‚sjálfbærni‘, vefst fyrir viðmælendum þeim finnst að það sé verið að flækja málið og jafnvel fæla frá, þegar hugtök sem þetta er sett inn í námskrána og það sé í raun flækt í alla aðra námsþætti og hafi alltaf verið stór hluti af daglegu starfi þeirra. Hugtakið er enn ekki tamt í umræðunni sem nærverkefni eða sem hluti af daglegu lífsmunstri. Það er þekktara í stærra samhengi eða bundið við sérstaka starfsemi eins og Sólheima í Grímsnesi. Þrátt fyrir að hugtakið vefjist fyrir þá eru leikskólakennararnir ekki í vandræðum með að finna hvar og hvenær unnið er með það sem fellur undir sjálfbærni. Rúna talar um tyllidaga eins og tannverndarviku, dag evrópskar tungu, 112 daginn og fleiri sérstaka daga sem fjölgar stöðugt.

Rúna: „Annars tel ég okkur vera að sinna þeim námsþáttum sem við eigum að vera að gera en það eru dálítið mikið af allskonar dögum sem við þurfum einnig að vera að sinna“.[...] Við nýtum einnig í hópastarfi að tala um veðurfar, dýralíf og allt það sem stuðlar að umhverfisvernd.

Leikskólakennarar eru á því að sjálfbærni sé svo stór hluti af þeirra tilveru og hafi verið lengi og því óþægilegt að tala um sjálfbærni sem námssvið. Ekki fer þó á milli mála að kennsla í umhverfisvitund á sér stað, í sjálfsþekkingu, gagnrýni og námsefnið er ýmist í umhverfinu sjálfu eða dregið inn í hópastarfið til umræðu. Utanaðkomandi uppákomum eins og tannverndarviku er gerð skil í leikskólanum og getur verið vandamt að sinna þeim um leið og því starfi sem þegar er búið að skipuleggja. Útivera og vettvangskennsla hefur lengi þekkt í leikskólum og sú von að börnin verði meðvituð um náttúruna með því

meðal annars að vera í náttúrunni, þekkja hana og virða er það sem aðalnámskráin fer fram á, markvissa þjálfun í umhverfisvitund og gagnlegu hugarfari til framtíðar.

5.3 Heilbrigði og velferð

Sérstök áhersla er lögð á vitund vegna heilbrigði barna á leikskólaaldri í aðalnámskrá leikskóla. Huga eigi að andlegri og líkamlegri heilsu barna með því að gæta að heilbrigði þeirra og gera leikskólabörn meðvituð um eigin heilbrigði. Börn eiga að fá næga hreyfingu, hollan mat og velferð þeirra á að vera tryggð. Viðmælendur eru allir sammála um að líkamleg heilsa sem og vellíðan barnanna séu mikilvægustu þættirnir í starfi þeirra. Leikskólakennararnir segja frá leikfimi sem öll börn leikskólans fara í og einnig um mikla jákvæða útivist, bæði sem skipulagðar námsstundir og til yndisauka. Hvíld og næði er þeim tíðrætt um og telja að hvíldartíminn sé órjúfanlegur hluti starfsemi þeirra og að það verði að virða þann tíma umfram flest annað. Til að auka á næði leikskólabarnanna stundi þau yoga og segja að það hafi góð áhrif á börnin. Dewey heldur því fram að góð heilsa sé ekki metin fyrir en fólk finnur til sjúkleika og er þá að vísa til líkamlegra veikinda en vill beina sjónum fólks að andlegum einkennum sem mannlegt eðli kemur sér upp í samskiptum við aðra á lífsleiðinni og efast reyndar um að andlegir sjúkdómar séu eins fátíðir og vísindin vilja láta (Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2010b, bls. 216-21).

Jónína: „Með því að tryggja útiveru og hreyfingu þá er verið að ræða um heilbrigði og hollustu við matarborð og ábyrgð. Ekki það að við erum líka að kenna þeim að nota ekki hendurnar í morgunmatnum. Börnin eru svo ung að þau kunna ekki að nota skeið en komin á aldur að eiga að æfa það“.

Borðsiðir, mannsiðir og umræða um hollustu er hlut af starfi leikskólakennaranna, um leið og börnin læra að nota skeið fá þau fræðslu um hollustu matarins og gildi þess að gæta að hreinlæti.

Álfrún: „Við hvetjum foreldra til að leyfa börnunum að fá hvíld og við segjum börnum af hverju það er nauðsynlegt fyrir þau að fá hvíldartíma“.

Hrafnhildur: „Það eru þessar grunnþarfir að borða hollan mat, hreyfa sig og hafa trú á sjálfum sér“

Öryggi, ánægja, hreinlæti, ró og næði, félagsleg vellíðan og trú á sjálfum sér eru mikilvægustu þættirnir að mati viðmælenda þegar kemur að heilbrigði og líðan. Nefnd er holl og mikil hreyfing eins og dans, yoga, íþróttir, útivera og hvíld. Þegar það þarf að hvetja foreldra til að leyfa börnunum að hvíla sig þá er álagið sem leikskólakennarar telja

að hvíli á leikskólabörnum væntanlega ekki mjög sýnilegt foreldrum. Mikilvægi þess að barnið hafi trú á sjálfu sér og upplifa þannig að maður er einhvers megn gefur þor til að takast á við fleiri og krefjandi verkefni.

5.4 Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði og mannréttindi veita þann rétt að hafa áhrif á eigin aðstæður, taka afstöðu, bera virðingu fyrir öðrum, hugleiða og bera samábyrgð. Samþykkja skoðanir annarra og gangast við þeim á gagnrýnn og ábyrgan hátt. Leikskólar eiga samkvæmt aðalnámskrá leikskóla að efla viðhorf barna til gagnrýni og með framtíðarsýn um lýðræðislegt samfélag. Lýðræði felur í sér möguleika til að leysa úr ágreiningi með rökræðu og skynsemi á grundvelli vináttu sem er persónuleg tilfinning og verður því aðeins kynnt með því að vera fyrirmynd (Ólafur Páll Jónsson, 2011b, bls.49).

Jónína: „Kynning á ólíkum þáttum mismunandi menningu og tölum um okkur sjálf og ræðum málefni sem okkur finnst skrítin eða bara ræðum fram og til baka allt og ekkert og reynum að fá þau til að gagnrýna og spá í hlutina“.

Hrafnhildur: „Lýðræði og mannréttindi er þegar börnin fá að tjá sig og segja hvað þau vilja einnig þegar það er hlustað á þau og þau læra að hlusta og virða skoðanir hvers annars“.

Sara: „Innan veggja okkar er það klárt að öll börn eru jöfn, allir eiga jafna rétt á að þroska og þróa með sér sinn innri styrk og það er okkar að efla börnin á þeim sviðum sem þau eru slakari á og ýta undir og leyfa þeim að þróa einnig þann þátt sem þau eru sterkari í“.

Helga: „Börnin velja sjálf viðfangsefni og stundum í hópastarfi, þannig læra þau að þeirra álit skiptir máli. Í öllu leikskólastarfi eru kennarar meðvitaðir um að börnin eru ekki öll eins og berum við virðingu fyrir því. Við kennum þeim að vera góð hvert við annað og sýna væntumþykju og erum alltaf að vinna með þessa þætti í öllu starfi leikskólans með því að sýna gott fordæmi“.

Viðurkenning á það að hafa áhrif á líf sitt eða þátttöku í verkefnavinnu og á líðan og fá áheyrn er mikilvægur þáttur þess að upplifa sjálfa sig metin að verðleikum. Ekki er látið duga að segja eða kenna börnunum að vera góð og virða hvert annað. Leikskólakennararnir halda því fram að þetta þurfi að sýna í verki og leyfa börnunum að ræða sínar skoðanir og væntingar. Börnin fá tækifæri til að rýna í málin og fá æfingu í að ræða saman og spá í tilveruna og lífið.

5.5 Jafnrétti

Í aðalnámskrá leikskóla er grunnþættinum jafnrétti í leikskólastarfi ætlað að tryggja að allir fái notið sín og geti þroskast á eigin forsendum með það í huga að allir í skólasamfélaginu fái þjálfun og þekkingu í að meta aðstæður sem gætu valdið mismunun. Breytingar á samsetningu fjölskyldna og þjóðernis í samfélaginu eru þannig að ástæða þykir að geta þess sérstaklega að gæta eigi að jafnrétti og með því að gera börn meðvituð um mismunun þá geti þau sjálf brugðist frekar við með jákvæðum og sanngjörnum hætti. Í umræðunni um jafnrétti var mikið rætt um að það þyrfti ekki svo mikið að ræða það, þjóða ætti öllum jafnt og koma eins fram við alla. Ekki hafði verið rætt um jafnrétti kynjanna við börnin frekar en jafnrétti milli annarra hópa og tekið fram að það væru viðhorf þeirra leikskólakennaranna og fyrirmynd sem væri sterkasti áhrifavaldurinn í þeim efnum. Það skipti miklu máli að kynjaskipta ekki barnahópnum, láta þau kynnast og vinna saman og með þeim hætti yrðu þau leiknari í samskiptum. Það er ekki hægt að kenna jafnrétti því það er svo flókið ferli í upplifun að þar þarf að koma til öll sú upplifun sem manneskjan verður fyrir í umhverfi sínu. Með því að hafa skýrt gildismat í jafnrétti og ræða um mismunun er hins vegar lagður grunnur að því að bæta jafnrétti meðal manna (Ólafur Páll Jónsson, 2011a, bls. 57-66).

Sara: "Í leikskóla eru allir jafnir sama hvað maður er stór, sterkur, af hvað þjóðerni eða kyni. Börnin fara í gegnum sömu verkefni óháð þessum þáttum. Samstarf er við ólíkar stofnanir allt árið um kring. Við "heimsækjum" fræðslu á bókasafninu, tengjumst börnum og fullorðnum í grunnskólanum, förum í Hólabæ sem er menningarmiðstöð eldri borgara og heimsækjum tónlistarskólann. Í gegnum leikinn og í daglegri fræðslu kennum við börnunum ólíka menningu, tungumál og lífsskoðanir. Við skoðum bækur, internetið, syngjum söngva og förum með vísur á ólíkum tungumálum og ræðum saman. Börnin eru mörg hver viðkvæm og stundum hrædd og ber okkur að bera virðingu fyrir hvoru öðru, tilfinningum og viðbrögðum hvers annars og því erum við daglega að hugsa um jafnan rétt hvers annars".

Eva: „Jafnrétti, reynum við að hafa í verki með því að kynjaskipta ekki börnunum hvorki í leik né í öðrum stundum en án þess að hafa orð á því. Mér finnst við ekki vera að kenna jafnrétti milli karla og kvenna en með því að gera ekki mun á strákum og stelpum og allir leikir jafnt í boði fyrir bæði kynin og hópar blandaðir af báðum kynjum“.

Það er enginn munur gerður á einstaklingum í leik og starfi og að sú stefna að vinna jafnrétti jafnt og þétt og gera það að venju fremur en sérstöku námsefni virðist vera stefna í

starfi leikskólakennaranna. Virðing kennara fyrir líðan og tilfinningum barnanna er fordæmisgefandi og sýnileg í starfinu sem gefur tóninn um hvernig á að hegða sér og bregðast við öðrum. Jafnréttishugtakið hefur lengi haft þann huglæga sess að tryggja konum aðkomu og réttindi að „heimi karlmanna“ og því er skiljanlegt að það komi inn í umræðu um jafnrétti í starfi leikskóla og þó svo að hér sé um víðari merkingu að ræða, er jafnrétti kynja einnig hluti af markmiðum leikskóla.

5.6 Sköpun

Skapandi starf, segir í aðalnámskrá leikskóla, valdi þroska og breytingum í lífi sérhvers manns og er háð því að bæta við sig og þannig fæst útrás fyrir það sem býr innra með manni og hvati að leit að meiri þekkingu. Í sköpun felst að leita nýrra leiða, að bæta við og breyta því sem fyrir er. Þróun og sköpun eru nátengd og í hraða nútímans er þróun sjálfsagður þáttur í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur. Að bjóða börnum að nota þann efnivið sem til er og nálægur, er hluti af starfi leikskólakennaranna og einnig að leyfa notkun á hefðbundnu efni með óhefðbundnum hætti. Að látast og bulla og leika sér er skemmtilegt og allt er þetta skapandi starf sem leikskólakennararnir taka virkan þátt í. Forvitni leiðir til tilrauna sem byggja upp þekkingu og vitund sem veldur samhengi um staðreyndir. Spurningum og þekkingarleit barnanna þarf að svara með efniviði sem leiðir af sér uppgötvun og meiri þekkingarleit (Dewey, 2000b, bls. 95-108).

Álfrún: „Sköpun á sér stað að mínu álitu í öllu sem við segjum eða gerum og er algerlega ómeðvituð, þ.e. við erum ekki að hugsa um það að við erum að skapa eitthvað með hverri einustu hreyfingu eða hljóði sem við gefum frá okkur. Þannig að þegar börnin fá að leika sér með málningu og litirnir blandast saman, alveg óvart, er gaman að sjá svipbrigðin þegar þau uppgötva að litirnir breytast“.

Eva: „Sköpunin hefur lengi verið tengd listinni og er vissulega mikil sköpun í gangi þegar hvort sem börn teikna, leira, eða fást við opinn efnivið, sköpunin hefur lengi verið bundin við listsköpun en við megum ekki gleyma að sköpun er í flest öllu sem við erum að fást við“.

Sara: „Það er eins og í svo mörgu í þessari nýju námskrá þá eru þessi orð svo víðtæk og sköpunin er þar engin undantekning“.

Að segja að grunnþættirnir séu víðtækir getur alveg staðist en það má einnig álíta að það sé starfið sem er svona víðtækt. Með því að tryggja að grunnþættirnir skari allt það starf sem fer fram í leikskólanum og þræða þá hvern inn í annan verður til flókið kerfi. Kennararnir eru stöðugt að leita leiða til að gefa börnunum tækifæri til sköpunar og virða

þeirra upplifun og taka þátt í henni. Börnum er áskapað að nota hluti og efnivið á þann hátt sem þeim dettur í hug. Þau leika sér að matnum, gera bækur að bílabrautum og þannig fá þau víðtæka tilfinningu og reynslu fyrir efniviði, möguleikum og eigin getu. Kennari sem tekur eftir því hvernig svipur barns breytist við að uppgötva nýjan veruleika er móttækilegur fyrir því að skynja þegar nám fer fram í huglægu ferli barnsins.

6 Að koma kennslu að í leikskólastarfi

Í leikskóla á líðan barnanna, jákvæð sjálfsmynd þeirra og öryggi að vera forgangsatriði. Öllum viðmælendum finnst auðveldast að vera „maður á mann“ í starfinu og þannig náist besta sambandið við barnið. Leikskólakennararnir nefna að barninu verði að líða vel og vera öruggt til að geta lært. Að það þurfi oft að leggja mikla vinnu við það að skapa nægilegt öryggi hjá barninu til að það geti tekið þátt í leikskólastarfi og nefna að börn geti grátið af óöryggi í nokkrar vikur í upphafi skólagöngu sinnar og þá verður það hlutverk leikskólakennaranna að efla öryggið og hugga barnið.

Erfiðast finnst leikskólakennurunum þegar það koma upp óvæntar aðstæður og þegar reglum er ekki fylgt. Viðkvæmt ástand getur skapast ef foreldrar fylgja ekki settum reglum t.d. þegar það er verið að sækja börn og hleypa þeim aftur og aftur inn á deildina. Eða þegar barn þarfnast aukinnar athygli þegar kennslustund fer fram, þá verði uppnám sem erfitt er að hafa stjórn á bæði gagnvart börnunum og þeirri atburðarás sem fer í gang. Það er ekki hægt að bregða sér frá eftir tusku, því þá er allt komið í óró og erfitt reynist að ná aftur stjórn á aðstæðum til að geta haldið áfram. Viðmælendur eru þó sammála um að það sé ekki erfitt að koma kennslu að í starfinu en erfiðara er að halda aðstæðum þannig að það sé verið að kenna og töluverður tími fari í að koma skipulagi aftur á eftir truflun. Skipulagðar vinnustundir þola illa truflanir en slíkt er nokkuð sem leikskólakennarar þurfa stöðugt að glíma við í starfi með ungum börnum.

Það þarf að skipta ört um námsefni og aðferðir, það þurfi að vera virkni í starfinu því ung börn hafi ekki mikið úthald. Samstarfsfólk þarf að vera stöðugt tilbúið, vökult og sýna frumkvæði til að kennslan eigi að ganga. Í svari Rúnu kom fram að það sé ekki erfitt að kenna en það þurfi að vera starfsfólk sem virkar og sem taki þátt, til að allt geti gengið upp. Erfitt er ef það þarf að hvetja starfsfólkið áfram. Í hópviðtalinu kom í ljós að allir leikskólakennararnir höfðu samskonar reynslu af því hve mikilvægt er að annað starfsfólk fari eftir skipulaginu, sýni frumkvæði og framkvæmdarvilja. Styrkur faglegra starfsins er bundinn í að allir séu mættir og taki þátt í starfinu, sýni frumkvæði og virki vel. Þetta sýnir að krafa er á starfsfólk leikskóla að hafa þann eiginleika að geta lesið í og metið stöðugt aðstæður í starfinu.

Engin ræddi um málefni eins og of mörg börn, langan vistunartíma eða erfitt starfsumhverfi og það bendir til þess að þeim tekst að halda aðskildu, faglegru hugsun um kennslu annarsvegar og ytri aðstæðum. Kennslan fer fram, aftur og aftur þar til barnið

hefur náð tiltekinni færni og oftast en ekki er barnið búið að ná færninni en sýnir það jafnvel aðeins heima hjá sér.

Hrafnhildur: „Það er kannski barn sem þú þarft hvern einasta dag að rífast við um allt, það á að klæða sig út eða þú þarft að elta það, þá ósjálfrátt fær það ekki kannski það sama [og önnur börn]“.

Sara: „Matið fer fram á gólfinu í augnablikinu og oft á dag. Samskiptin maður á mann eru svo mikilvæg í starfinu“.

Kennslan er krefjandi og krefst þess að barnið komi að verkefnum með ákveðna hæfni, jákvæðni og getu til að gera eins og ætlast er til. Það er hægara sagt en gert að leiða barn inn í aðstæður ef það sjálft vill annað eða ræður ekki við kringumstæður. Eitt óöruggt barn getur því komið öllu í uppnám eða óvænt truflun tekið töluverðan tíma frá leikskólakennaranum sem annars færi í fræðslu og kennslu. Barnið þarf að vera tilbúið og nægilega öruggt til að taka þátt. Staða og líðan barnsins er metin stöðugt með það í huga að auka þroska og bæta við þá færni sem barnið þarf til að tileinka sér leikskólanám.

7 Sameiginlegar áherslur í svörum leikskólakennaranna

- ✓ Leikskólastarf er unnið með því að láta öll grunnþættina skarast inn í þá athöfn sem er í gangi hverju sinni. Þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða skipulagða tíma eða daglega rútínu.
- ✓ Sérstakar stundir eru þar sem kenndir eru ákveðnir námsþættir, meðal annars stærðfræði, vísindi, læsi og heilbrigði, þar sem grunnþættir menntunar skara allt starfið. Í þeim er jafnvel einnig verið að leggja áherslu á önnur námssvið auk alls þess sem leikskólabarn þarfnast til að geta tileinkað sér það sem verið er að kenna
- ✓ Leikskólakennarinn er og þarf að vera stöðugt meðvitaður um stöðu barnsins og hvernig hægt er að koma námi að í starfinu. Erfitt er að koma að grunnþáttum menntunar ef það vantar fólk í vinnu eða ef starfsfólk hefur ekki frumkvæði og vitund um kennslu í störfum sínum.
- ✓ Leikskólakennarar vinna að mörgum sviðum í einu og greina jafnframt í augnablikinu hvaða leiðir eru vænlegar, hverju megi breyta og hvaða sköpun er í gangi og hvernig megi bæta þroska nemenda.
- ✓ Samskipti er nefnt í öllu samhengi og mikilvægasti þátturinn. Samband er mikið og persónulegt milli leikskólakennara og leikskólabarna allan daginn í öllum athöfnum. Námið fer fram í stöðugum samskiptum, nemendur hver við aðra, kennari við nemanda/ur, nemendur og kennarar við samstarfsaðila og kennarar við foreldra.
- ✓ Líðan barnanna, sjálfsmynd og öryggi er fyrir öllu þegar barn er að menntast í leikskóla.

Leikskólakennarar vinna að mörgum þáttum í einu og greina jafnframt í augnablikinu hvaða leiðir eru vænlegar, hverju megi breyta og hvaða sköpun er í gangi og hvernig megi bæta þroska nemenda. Að meta starfið og stöðu barnsins virðist vera sjálfsagt innan starfseminnar sem fyrir er fjölbreytt og margþætt. Leikskólakennarar grípa inn í á staðnum

sjái þeir að barn þarf aðstoð til að geta betur eða ná lengra og einnig hafa þeir stöðugt auga með því ef námsleiðin er ekki að skila tilteknum árangri eða börnin ekki tilbúin að taka þátt í því sem er í boði. Árangur verður ekki mældur í hefðbundnum skilningi, þess besta eða versta, heldur á leikskólinn að vera barnvænn staður og því er persónubundið stöðumat vænlegt, til að sjá hvort barn er að nota hæfileika sína með því að setja sér markmið sem síðar verður því til framdráttar í lífinu (Ólafur Páll Jónsson 2011c, bls. 147-57).

Helga: „Stundum er maður búin að ákveða hvað maður ætlar að gera í hópastarfi og svo finn ég að hópurinn er ekkert að fara í það, þá reynir maður bara svona að spotta út hvar það er sem áhuginn liggur þá fer maður bara í það. Við þurfum að vera svona „spontaníus“ í því. Maður reynir að finna eitthvað hliðstætt“.

Samskipti eru nefnd í öllu samhengi og er einn mikilvægasti þátturinn að mati viðmælenda. Samband er mikið og persónulegt milli leikskólakennara og nemenda, allan daginn í öllum athöfnum. „Námið fer fram í samskiptum, lestrarkennslan, stærðfræðin, mannasiðir, heilbrigði og allir þessi námsþættir sem við leggjum inn“, segja leikskólakennararnir. Námsefni er hrá þekking sem kennarinn og nemendur gera lifandi með samskiptum sínum og sem endar með aukinni þekkingu og nýjum skilningi. Það þarf að lesa í hópinn hvort verkefnið er að heilla eða hvort skipta þarf um aðferð og þá er unnið að sama markmiði með nýjum aðferðum.

Eva: „Það er það fyrsta sem mér datt í hug að mér finnst ekki svo erfitt að koma kennslu að í starfinu heldur að skilgreina, af því mér finnst starfið allt vera kennsla“.

Allir leikskólakennararnir eru sammála um að kennslan sé ekki mjög sýnileg og ekki heldur árangurinn, sem jafnvel birtist í öðrum kringumstæðum. Þegar svörin eru skoðuð sést að leikskólakennarar hafa fléttað saman þroskaferil barnsins og námið, þeir skoða stöðu hvers og eins og vinna út frá því með það í huga að bæta við þekkingu barnsins og færni. Leikskólastarf er unnið með því að láta alla grunnþætti menntunar skarast inn í þá athöfn sem er í gangi hverju sinni. Þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða skipulagða tíma, sérstakar upptakomur eða daglega rúttínu. Kennslan fer fram við allskyns aðstæður og í ólíkum kringumstæðum.

Sara: „Börnin eru látin taka þátt í öllum daglegum venjum eins og þjónar leggja á borð, ná í áhöld, matinn og undirbúa matmálstímana. Þau fara í eldhúsið og kynnast starfseminni þar, flytja svo þekkinguna inn á deild og segja öðrum frá“.

Sérstakar stundir eru þar sem kenndir eru ákveðnir námsþættir og jafnvel í þeim er einnig verið að leggja áherslu á aðra námsþætti auk alls þess sem leikskólabarn þarfnast til

að geta tileinkað sér það sem verðið er að kenna. Um ómeðvitað nám sagði Dewey að þannig verði manneskjan vitsmunaleg þar myndist meðvitund, venjur og tilfinningar. Félagslegar aðstæður séu þær sem mennti börn og örvi þau til athafna (Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2010b, bls. 170-71).

Helga: „Stærðfræði er kennd markvisst í leikskólanum og oftast er um beina kennslu að ræða [...] Þó svo að það sé líka orðið meira um óbeina kennslu að ræða sem maður þarf að rýna í til að uppgötva að um kennslu hafi verið að ræða t.d. í ávaxtastund, hvað fær maður marga bita úr einu epli og börnin telja með og hvað þarf mörg epli svo allir á deildinni fái 1-2-3- bita ? Eða þegar maður biður litlu börnin [2ja ára] um að sækja þrjú epli og er ekkert að hugsa um að barnið þarf að hafa vitneskju um tölulegt gildi, en það tileinkar sér upplýsingarnar og prófar sjálfst“.

Bein kennsla og óbein kennsla eru í hugum fólks ólík en stefnt er að sama markmiði. Óbein kennsla getur verið að aðstoða barn við að uppgötva, að gefa því frelsi til að reyna og einnig að vera í aðstæðum sem örva og efla barnið án þess að miðlun fari fram. Bein kennsla er námsefni sem er fyrirfram ákveðið og lagt fyrir nemendur til að þeir geti tileinkað sér það og sýnt árangur með þeim hætti sem kennari ætlast til. Þjálfun hugsunar er óbein á meðan námsefnið er sannleiksmiðað og skynsamur kennari fléttar saman námsefnið við hugsunarstarfsemi einstaklingsins með því að örva nemendur til að leita að svörum sem síðan mótar viðhorf og þekkingu þeirra (Dewey, 2000c, bls. 96-98).

Helga: „Þegar þau borða ekki og sofa ekki, þá eru þau bara dofin og ekkert að gerast, það bara verður að koma þeim til að borða og hvílast og stundum er það erfitt að snúa ofan af þeim“.

Leikskólakennararnir vinna heildræna vinnu tengja saman líkamlega vellíðan og virkni til námsgetu og vinna sérstaklega í því að ná virkninni fram svo barnið geti tekið þátt í leikskólastarfinu. Dewey er tíðrætt um upplifun og tilfinningar sem mikilvægan hluta af heilsufari manneskjunnar og því mikilvægt að beina sjónum kennara að því hvað börn upplifa og hvernig þau vinna úr upplifuninni. Umhverfið og samskiptin þurfi að vera heilbrigð í þeirri merkingu að góð samskipti og viðbrögð eru eflandi og styrkjandi fyrir barnið sem er í leikskólanum í sínu fyrsta félagslega umhverfi að læra á samskipti (Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2010b, bls. 216-221).

8 Samantekt

Niðurstöður úr viðtölum við leikskólakennaranna benda til þess að þeir vita að það dugar ekki að bæta námi á leikskólabarn nema að tryggt sé að því líði vel, sé öruggt og móttækilegt og að námið hafi eitthvað að segja fyrir barnið. Leikskólakennarar þurfi að vera í beinum, nánum samskiptum og þeir þurfi að vita hvað barnið vill, hvar það er statt og hvernig því líður. Þeir líta á bein samskipti við börnin það mikilvægasta í námi leikskólabarnsins. Kennslan er markviss í hugum leikskólakennaranna og þeir halda því fram að kennslan standi yfir allan daginn í öllum aðstæðum og viðburðum leikskólans. Umhyggja vegna líðan og heilbrigði barnanna er stór þáttur í leikskólastarfi og hafa leikskólakennara fléttað saman nám og umönnun og telja að barnið verði að upplifa jafnvægi til að geta lært og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að svo geti orðið.

Grunnþættir aðalnámskrár leikskóla eru augljósir í svörum leikskólakennaranna þrátt fyrir að vera fléttað inn í starfið og geta allir gert skil á því hvar þeir birtast og með hvaða hætti það er verið að kenna viðkomandi þætti. Dæmi um grenndarkennslu þá er hún útfærð eftir aldri og þroska barnsins, „við notum ekki orðskrúð en látum verkin tala, við erum fyrirmynd og ræðum við börnin um okkar upplifun“ segja leikskólakennararnir.

Þrátt fyrir meintan ósýnileika og fjölbreytta orðanotkun þá er ekkert verið að grautast í vinnunni, starfið er skipulagt, það er viljandi hvatvíst og sveigjanlegt. Tekið er mið af aðstæðum, starfið er metið og stöðugt verið að kenna meðvitað allan daginn í öllum aðstæðum. Ef meta á hvar kennsla fer fram í leikskóla þá er óhætt að taka undir það að kennslan fari fram allan daginn í öllum aðstæðum. Hinsvegar ef meta á hve mikið barnið lærir miðað við kennsluna og námið tel ég að það verði að gera einstaklingsbundið mat fyrir hvert barn. Stöðugt mat „á gólfinu“ eins og leikskólakennararnir orða það, þekking á stöðu barnsins, athugun sem tekur mið af þroska og líðan þess og síðan þeim árangri sem hvert og eitt barn sýnir í þeirri viðbót sem lögð eru fram sem námsefni í leikskólum.

Mat getur verið ótryggt á því hvort leikskólabarn hafi einhverja ákveðna færni þar sem barnið hefur jafnvel getuna en sýnir hana ekki í þeim aðstæðum þar sem óskað er eftir. Samræmd viðmið eða próf fyrir leikskólabörn gætu verið varasöm þar sem þau gætu orðið í andstöðu við markmið aðalnámskrá leikskóla um að einstaklingurinn fái að njóta sín og tryggja að öll börn fái tækifæri til að þroskast og eflast á eigin forsendu. Skipulagðar skráningar og mat um stöðu barnsins geta þjónað skilafundum milli skólastiga og upplýsingum til foreldra. Mikið af starfi leikskólakennara er sýnt í verki með því að vera fyrirmynd. Þá má nefna dyggðir eins og umhverfisvitund eða réttlæti manna í millum, þetta

eru verkefni sem erfitt er að mæla fyrr en barnið er orðið sjálfráða um hegðun sína, en ákveðin trú leikskólakennara er á að með fagvitund um efnið þá geti kennarar stuðlað að því að börn fái upplifun og jákvæða reynslu sem er menntandi þegar allt kemur til alls.

Árangur kennslu í leikskóla verður metinn á gólfinu og jafnóðum og þannig er tryggt að barnið fái áframhaldandi kennslu miðað við stöðu og reynslu þess. Kennslan og námið er greinilegt í hugum kennaranna og markvisst unnið að því að kynnast barninu og bjóða því örvandi kennslu og námsumhverfi sem tekur tillit til stöðu þess sem aftur veldur því huglæga ferli sem eflir áhuga til að fræðast meira og halda áfram að bæta á sig þekkingu sem flokkast undir nám.

9 Lokaorð

Í upphafi nefndi ég naglasúpuna og mætti spyrja hvort hún verði einhvern tíma alveg tilbúin og hægt að meta hana með innihaldslýsingu og svarið við því er að líklega verður það aldrei. Leikskólastarf er síbreytilegt „matreitt“ úr uppeldi og kennslu, ytri og innri aðstæðum hverju sinni og með tilraun til að gera það besta úr þeim tækifærum sem bjóðast. Líkt og meistarakokkurinn, aðspurður hvernig honum takist svona vel til, svarar: „Kryddað eftir smekk“ og hugleiðir ekki nánar hve óljóst svar hans er eða hvernig uppskriftin hefur mótast af reynslu hans og þekkingu á efninu. Þá svara leikskólakennarar á sama hátt spurningunni: Hvar sjáið þið að um kennslu er að ræða ? „Við erum alltaf að kenna allan daginn“ Þegar leikskólakennarar skoða starf sitt til að geta svarað um hvar er um eiginlega kennslu að ræða kemur í ljós að þeir vita alveg hvar og hvenær er um hana að ræða og hvernig nám birtist hjá barninu.

Hlutverk leikskólakennarans er að þekkja barnið og stöðu þess, koma af stað ferli hugsana með því að lífga kennsluna og námsefnið svo það verði áhugavert að afla sér menntunar. Óhætt er að segja að með hverjum deginum bætist við frá barninu sjálfu og vegna utanaðkomandi aðstæðna og því þarf kennarinn að þekkja og bæta við þann veruleika með eilífu mati. Námssvið leikskólans hafa ákveðna stefnu, miða við sex grunnþætti menntunar og leiðin að því takmarki er opin efniviður.

Leikskólabarn á að njóta sín í eigin skinni og fá tækifæri að þroskast miðað við eigin forsendur, því verður mat á námi þess að miðast við einstaklinginn sjálfan og þann veruleika sem barnið hrærist í. Með hæfni fagmannsins, umhyggju og fyrirmynd, í flóknum aðstæðum tekst að breyta áherslum og markmiðum í kennslu og menntun, börnum er tryggt líkamlegt og andlegt öryggi, áhugi þeirra og skoðanir eru virtar og kennslan fer fram í þekktum aðstæðum í daglegu umhverfi þeirra. Heimur leikskólabarnsins er ekki bara skipulagður af stjórnvöldum og reglugerðum heldur er hann varinn af umhyggju og alúð leikskólakennara sem bjóða tækifæri til náms og þroska.

10 Heimildarskrá

Aðalnámskrá leikskóla. Grunnþættir menntunar. (2011). (bls.14-24). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla. Fagmennska kennara. (2011). (bls.11). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Dewey, John. (2010a). Manneskjan er ein heild. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar). *John Dewey í hugsun og verki Menntun, reynsla og lýðræði*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). (bls. 216-221). Reykjavík: Rannung Heimspekistofnun Háskóla Íslands.

Dewey, John. (2010b). Manneskjan er ein heild. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar). *John Dewey í hugsun og verki Menntun reynsla og lýðræði*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). (bls. 216-221). Reykjavík: Rannung Heimspekistofnun Háskóla Íslands.

Dewey, John. (2010a). Sannfæring mín um menntun. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar). *John Dewey í hugsun og verki Menntun, reynsla og lýðræði*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). (bls. 169-171). Reykjavík: Rannung Heimspekistofnun Háskóla Íslands.

Dewey, John. (2010b). Sannfæring mín um menntun. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar). *John Dewey í hugsun og verki. Menntun reynsla og lýðræði*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). (bls. 170-171). Reykjavík: Rannung Heimspekistofnun Háskóla Íslands.

Dewey, John. (2000a). *Hugsun og menntun*. (bls. 94-97). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Dewey, John. (2000b). *Hugsun og menntun*. (bls. 95-108). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Dewey, John. (2000c). *Hugsun og menntun*. (bls. 96-98). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Dewey, John. (2000a). *Reynsla og menntun*. (bls. 84-86). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Hagstofa Íslands. Leikskólar (tekið af vef 23. mars 2012 <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Leikskolar>).

Hamilton, David. (1993). *Að fræðast um uppeldi og menntun* (Bjarni Bjarnason og Ólafur Proppé þýddu). (bls. 67-80). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1990).

Jóhanna Einarsdóttir. (2001). Starfsaðferðir og sannfæring leikskólakennara. Í Amalía Björnsdóttir (ritstjóri). *Uppeldi og menntun*. Tímarit Kennaraháskóla Íslands. (bls. 149-154). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Jón Torfi Jónasson. (2006). *Frá gæslu til skóla*. Rannsóknarstofna um menntakerfi. (bls. 85-89) Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Kennarasamband Íslands. Kjarasamningar/starfslýsingar. Tekið af vef 3.mars 2012 <http://fl.ki.is/?PageID=1188>).

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Ólafur Páll Jónsson. (2011a). *Lýðræði, réttlæti, menntun*. Hugleiðingar um skilyrði bernskunnar. (bls. 57-66). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ólafur Páll Jónsson. (2011b). *Lýðræði, réttlæti, menntun*. Hugleiðingar um skilyrði bernskunnar. (bls. 49). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ólafur Páll Jónsson. (2011c). *Lýðræði, réttlæti, menntun*. Hugleiðingar um skilyrði bernskunnar. (bls. 147-151). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Samband íslenskra sveitarfélaga. Tekið af vef 23. mars 2012

<http://www.samband.is/media/skolamal/SKOLAMALASTEfNA.pdf>).

Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldarhörf*. Menntastefna og mannvernd. (bls. 91-99). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Fylgiskjal 1 *Bréf til viðmælenda frá rannsakanda.

„Naglasúpan“

STAÐA GRUNNÞÁTTA MENNTUNAR Í LEIKSKÓLA

Bréf til leikskólakennara.

Kæru leikskólakennarar, ég undirrituð er að skrifa ritgerð um stöðu grunnþátta menntunar og námsgreina í leikskóla og með því að óska eftir samstarfi við ykkur ætla ég að greina í svörum ykkar og þælingum hvernig þið sjáið grunnþáttunum og námssviðum gerð skil í starfi leikskóla.

Ég ætla að biðja ykkur um að svara skriflega nokkrum spurningum. Þegar mér hafa borist svörin þá mun ég leita að ákveðnu þema í svörum ykkar og útbúa úr því umræðuefni, þar sem reynt er að afmarka efnið (kafa dýpra), sem ég mun leggja fyrir ykkur allar saman á sameiginlegum fundi.

Sunnudagur 05. febrúar -Skila leikskólakennarar svörum á netfangið gae13@hi.is

Sunnudagur 19. febrúar –Greining send til leikskólakennara (til að hugleiða áður en sameiginlegur fundur verður haldinn)

Mánudagur 27. febrúar (dagssetning gæti breyst um nokkra daga/ fer eftir hópnum) -

Sameiginlegur fundur með leikskólakennurum þar sem leikskólakennarar ræða um þemað sem kom fram í svörum þeirra.

Skv. Aðalnámskrá leikskóla skal nám vera samofað í öllum verkefnum og daglegu starfi leikskólans og því getur verið flókið að skilgreina það frá því sem annars gerist af sjálfu sér. Spurningar sem ég legg fyrir ykkur eru miðaðar að því að fá tilfinningu ykkar fyrir því sem þið eruð að leggja á ykkur í kennslu og sjá þar hvar kennsla er raunverulega að birtast.

Þrátt fyrir að námssvið séu skilgreind í Aðalnámskránni þá eru kennsluaðferðir, námsefni og mat í höndum hvers leikskóla / kennara.

Eftirtaldar námsgreinar eru grunnþættir menntunar í leikskólum skv. Aðalnámskrá.

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Spurningar sem mig langar til að fá ykkur til að svara eru:

- Hvar sjáið þið að um kennslu sé að ræða á námssviðunum (læsi og samskiptum, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og vísindum, sköpun og menningu) með tilliti til grunnþátta menntunar sem tilgreindir eru í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 “
- Hvernig gengur að koma að kennslu í starfi ?

Með bestu kveðju, Ásgerður

Fylgiskjal 2

Tölvupóstur til viðmælenda

Sælar allar og enn og aftur takk fyrir að svara svona vel og samviskusamlega.

Sá texti sem ég fékk var meira en lítið gagnlegur og hefur leitt mig til frumniðurstöðu (sjá; viðhengi).

Mig langar að fá ykkur til að ræða meira um það, hvernig gengur að koma að kennslu í leikskólastarfinu.

Ef þið getið þá langar mig að hitta ykkur kl 17.30 næsta mánudag í leikskólanum og best væri ef allar geta mætt.

Bestu kveðjur Ásgerður

*(í viðhengi netpósts)

Kæru leikskólakennarar

Eftir greiningu og lestur á svörum ykkar í leit að svari, við spurningunni „hvernig gengur að koma inn grunnþáttum menntunar að í leikskólastarfi“ þá eru sameiginleg þemu í svörum ykkar þessi.

Leikskólastarf er unnið með því að láta alla grunnþætti menntunar skarast inn í þá athöfn sem er í gangi hverju sinni. Þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða skipulagða tíma eða daglega rútinu.

Sérstakar stundir eru þar sem kenndir eru ákveðnir námsþættir og jafnvel í þeim er verið að leggja áherslu á aðra námsþætti auk alls þess sem barn/nemandi þarfnast til að geta tileinkað sér það sem verið er að kenna.

Leikskólakennarinn er og þarf að vera stöðugt meðvitaður um stöðu barnsins og hvernig hægt er að koma námi að í starfinu. Erfitt er að koma námsþáttum að ef það vantar fólk í vinnu eða ef starfsfólk hefur ekki meðvitaða (frumkvæði og vitund) kennslu í störfum sínum.

Leikskólakennarar virðast getað unnið að mörgum þáttum í einu og greina jafnframt í augnablikinu hvaða leiðir eru vænlegar, hverju megi breyta og hvaða sköpun er í gangi og hvernig megi bæta þroska nemenda.

Samskipti er nefnt í öllu samhengi og mikilvægasti þátturinn. Samband er mikið og persónulegt milli leikskólakennara og nemenda allan daginn í öllum athöfnum. Námið fer fram í samskiptum, nemandi við kennara, kennari við nemanda, nemendur og kennarar við samstarfsaðila.

Líðan barnanna, sjálfsmynd og öryggi er fyrir öllu þegar barn er í leikskóla.

Umræðuefni okkar á mánudaginn 27 febrúar verður því. „Hvernig gengur að koma kennslu að í starfi

Með bestu kveðju, Ásgerður

